
KUMLATEIGUR Á DYSNESI VIÐ EYJAFJÖRÐ:

FRAMVINDUSKÝRSLA



**HOWELL MAGNÚS ROBERTS, HILDUR GESTSDÓTTIR, GUÐRÚN ALDA GÍSLADÓTTIR, MJÖLL SNÆSDÓTTIR
LÍSABET GUÐMUNDSDÓTTIR, ADOLF FRÍÐRIKSSON, ORRI VÉSTEINSSON OG ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR**

**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2018
FS680-17122**



Forsíða /Cover Image

Kumlateigurinn á Dysnesi við lok uppgrftar. Loftmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

© Fornleifastofnun Íslands 2018

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Kumlateigur	7
Kuml [116]	8
Kuml [126]	8
Kuml [124]	9
Kuml [122]	10
Kuml [125]	11
Kuml [127]	12
Niðurlag	15
Heimildir	17

Inngangur

Vegna deiliskipulagsvinnu og fyrirhugaðra framkvæmda á Dysnesi í landi Syðri-Bakka og Pálmhólts í Hörgársveit óskaði Hafnasamlag Norðurlands eftir að Fornleifastofnun Íslands annaðist rannsókn með uppgrefti á svæðinu. Var rannsóknin gerð í samræmi við óskir Minjastofnunar Íslands og fólst einkum í að skera úr um hvort ummerki á tilteknum stöðum væru fornar mannvirkjaleifar. Um fyrri athuganir á Dysnesi og nágrenni vísast til áður útgefinna rita þar um (Adolf Friðriksson 2005, Elín Ó. Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir 2015, Stefán Ólafsson 2016).

Uppgröftur hófst 6. júní 2017 og honum lauk 20. júlí sama ár. Áður hefur verið fjallað um fyrri hluta athugana, þ.e.a.s. þær sem beindust að nokkrum stöðum innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sem fram höfðu komið við deiliskráningu árið áður (Roberts, Howell 2017). Í þessari skýrslu verður gefið yfirlit um stærsta minjastaðinn, þ.e. kumlateiginn sem fannst við frumrannsóknina. Þessi stöðuskýrsla er unnin nú þegar úrvinnsla verkefnisins telst hálfnuð og fjallar um helstu atriði sem fram eru komin. Byggir hún á grein sem birtist í tímiriti Fornleifastofnunar Íslands í árslok 2017.¹ Úrvinnsla verður haldið áfram á útmánuðum 2018 og lokaskýrsla um uppgroftin mun líta dagsins ljós á vordögum.


Howell Magnus Roberts var uppgrftarstjóri og aðrir þátttakendur voru: Hildur Gestsdóttir fornmeinafræðingur sem jafnframt var aðstoðaruppgrftarstjóri, Lísabet Guðmundsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Mjöll Snæsdóttir, Lilja L. Davíðsdóttir, Gísli Pálsson, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Orri Vésteinsson, Michael House, Stefán Ólafsson, Gylfi Helgason, Ramona Harrison, Kathrine Stene og Monica Enehaug.

Uppgrftarhópurinn naut jafnframt aðstoðar og stuðnings frá Rúnari Leifssyni minjaverði Norðurlands eystra, Michele Hayeur Smith, Ástu Hermannsdóttur (Minjastofnun Íslands), Lilju Björk Pálsdóttur, Þóru Pétursdóttur, Garðari Guðmundssyni (FSÍ), Chiara Ronchini (Historic Environment Scotland) og fleiri aðilum. Um forvörslu verkefnisins sér Jannie Ebsen (Odense Bys Museer) í samvinnu við Forvörsludeild Þjóðminjasafns Íslands (Sigríður Þorgeirsdóttir og Sandra Sif Einarisdóttir).

Verkefnisstjórn skipa Howell Roberts, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Adolf Friðriksson og önnur umsjá á vegum Fornleifastofnunar Íslands var í höndum Ólafar Þorsteinsdóttur.

¹ Hildur Gestsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Lísabet Guðmundsdóttir, Howell M. Roberts, Mjöll Snæsdóttir & Orri Vésteinsson. 2017. „New discoveries: Dysnes.“ *Archaeologica Islandica* 12. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, 93-106.


Höfundur vill að lokum þakka samstarfsmönnum við rannsóknina, Hafnasamlagi Norðurlands, landeigendum, sveitastjórn Hörgárbyggðar og gestgjöfum í Þelamörk fyrir góða samvinnu.



Mynd 1. Uppdrátturinn sýnir Dysnes og nágrenni (Teikning: Stefán Ólafsson).

Kumlateigur

Örnefnið „Dysnes“ gefur til kynna að þar séu eða hafi verið dysjar, en slík örnefni er einnig að finna um hóla sem eru verk náttúrunnar. Dysnes hefur náð lengra í sjó fram en talsvert landbrot er þar með ströndinni. Á Dysnesi eru nokkrar dokkir sem minna á rofin kuml er fundist hafa annarsstaðar, m.a. á Kumlholti sem liggur við sjávarbakkann, nærri Pálmholtslæk í SA-horni deiliskipulagsreitsins. Við rannsókn á Dysnesi sumarið 2017 komu í ljós leifar af stórum kumlateig, með sex gröfum, haugum og bátkumlum. Nær teigurinn yfir u.þ.b. 300-350 fermetra svæði, en gæti hafa verið stærri, t.a.m. hefur landbrot eflaust eytt austustu kumlunum. Verður nú hverju kumli lýst fyrir sig í megindráttum, en endanleg greining og lýsing bíður lokaskýrslu um rannsóknina.



Mynd 2: Uppdrátturinn sýnir innbyrðis legu kumla á teignum.

Kuml [116]

Kuml [116] er bátkuml og reyndist báturinn óvenju vel varðveittur með hliðsjón af öðrum



Mynd 3. Staðsetning bátsaums í kumli [116].

íslenskum bátkumlum sem þekkt eru. Þar fundust umtalsverðar viðarleifar og bátsaumur. Gröfin sneri NNA-SSV og hafði verið rótað áður. Í henni voru leifar af mannsbeinagrind úr karli, eldri en 50 ára. Hauskúpa úr *hundi* og hryggjaliðir úr *hesti* fundust efst í fyllingu grafarinnar, en ekki fullvíst að þau hafi verið í henni upprunalega. Í gröfinni fannst *skjaldarbóla* (Ryg 562) með áföstum viðarleifum, sem reyndust vera eik, reyniviður og birki, *hnífur* úr járn og fleiri smáhlutir sem bíða frekari greiningar.

Báturinn hefur verið um 6,5 m að lengd og 1,7 m um miðju. Sjávarrof við suðurenda hefur nagað ögn af honum. Um 400 rónaglar

fundust, flestir lágu í reglulegum röðum beggja vegna í gröfinni og margir þeirra með áföstum viðarleifum. Greining á viðnum hefur leitt í ljós að líklega var hann gerður úr lerki og gæti hafa verið smíðaður úr rekaviði á Íslandi

Kuml [126]

Nær samhliða vesturhlið bátkumlsins, en þó ögn norðar, fundust leifar af stórum haugi. Var hann aflangur, hlaðinn úr mold og grjóti, um 9 m á lengd frá N til S, en 4 á breidd um miðju. Í honum var gröf, sem sneri NNV-SSA, en hafði verið rofin áður. Leifar af mannsbeinagrind úr konu, eldri en 50 ára fundust í gröfinni. Í kumlinu var eftirfarandi haugfé: ein tönn úr *hundi*, fjórar *sörvistölur* og kringlótt *næla* úr koparblendingi. Sörvistölurnar eru allar eins, af svokallaðri E030 tegund samkvæmt gerðfræði Callmers (1977) sem rekur uppruna þeirra að austanverðu Miðjarðarhafi og telur þær vera frá 10. öld eða síðar. Áður hafa fundist 32 tölur

af þessari tegund á Íslandi, þar af 12 í kumlum og eru það allt kvennagrafir samkvæmt beinagreiningu. Nælan er 4.6 sm í þvermál og af Borre gerð, svokallaðri tegund II A3 í gerðfræði Janssons (1984, 75-77). Er hún eins og næla sem fannst á Valþjófsstöðum í Fljótsdal og eru þær taldar af austnorrænum uppruna (Kristján Eldjárn 2016, 224-25, 369-70). Tegundin er talin vera frá fyrri hluta 10. aldar (Jansson 1984).

Kuml [124]

Um 3 m norðan við bátkumlið fannst annað bátkuml, út á blábrún fjörubakkans. Öll austurbrúnnin hafði þegar horfið í sjávarrofi. Gröfin hafði sömu stefnu og kuml [116], þ.e. NNA-SSV og hafði verið rótað áður. Í henni voru leifar af mannsbeinagrind, líklega úr



Mynd 4. Uppdráttur af legu bátsaums og lagi bátsins í kumli [124]. Skyggða svæðið sýnir hvar fullorðnum karli og eitt rifbein úr litlu spendýri (mögulega úr hundi). Í gröfinni fundust leifar af skjaldarbólu úr járni sem verður trauðla greind til tegundar. Sverð af tegund M samkvæmt gerðfræði Jans Petersens fannst óhreyft í gröfinni, en brotið í nokkra hluta og vantar neðan af

blaðinu. Var þessi gerð sverða algeng alla víkingaöldina. Vegna ástands sverðsins var það tekið upp ásamt moldinni undir því og fylgdu þar með smáhluti sem bíða meðferðar og greiningar. *Spjótsoddur* úr járn, óvenjulangur og líklega af gerð I í kerfi Petersen, sem talin er vera frá öndverðri 10. öld (Petersen 1919, 31; Kristján Eldjárn 2016, 341). Samhliða spjótinu lá annar, aflangur járnhlutur, líklega spjótsoddur, en eftir er að rannsaka hlutinn. Ein græn *sörvistala* fannst í gröfinni og hún er af tegundinni A341 samkvæmt gerðfræði Callmers. Þessi gerð var framleidd í Skandinavíu og hafa 18 aðrar slíkar tölur fundist hér á landi til þessa.

Af grópinni eftir bátinn mátti sjá að hann hafi verið a.m.k. 6 m langur. Þar í lá *bátsaumur* í reglulegum röðum og fundust um 400 rónaglar í gröfinni. Viður loðir við suma naglana og greining á honum bendir til að í hann hafi verið notað lerki og fura. Ekki eru allir naglarnir úr bátnum. Viðarleifar úr birki sem fannst á sumum nöglunum gæti verið úr áhöldum.

Kuml [122]

Norðvestan við nyrðri bátinn fannst stór haugur, um 6 m langur frá N til S, 3 m breiður um miðju og hlaðinn úr torfi og steini. Hafði hann þegar verið rofinn og rjálað við þær tvær grafir sem undir honum voru. Ólíkt kumlum sunnan og austan við hauginn hafa grafirnar undir honum aðra stefnu og liggja nánast rétt við höfuðáttum, N-S. Eru þær báðar aflangar og snúa endum saman, með mjóu hafti á milli. Í syðri gröfinni fundust fáeinir tennur úr fullorðnum manni. Í nyrðri gröfinni voru tennur úr *hesti* og *beislishringjur* úr járn. Á botni syðri grafarinnar lágu um 100 *naglar* úr járn á svæði sem þekur um 1,95 x 70 cm. Viðarleifar á nöglunum eru ýmist lerki eða greni. Hefur líkið sennilega verið lagt í kistu sem smíðuð var úr rekaviði.

Í syðri gröfinni fannst *fingurbaugur* úr silfri, um 2 cm í þvermál, til skrauts eru slegnir þríhyrningar í flötinn og endar undnir saman. Fingurbaugar eru fágætir í íslenskum kumlum (Kristján Eldjárn 2016, 173-74, 391-92; Aiken og Arwidson 1986, 74). Í grafarfyllingunni fannst einnig *tinna* úr innfluttum steini, notuð til að slá eld.



Mynd 5. Yfirlitsmynd úr austri. Fremst er kuml [122] og kuml [125] ofar og til hægri.

[Kuml \[125\]](#)

Skammt norðvestan við kuml [122] var annað svipað kuml [125], þ.e. með stórum haug, um 8 m x 3.5 m úr lábörðu grjóti og mold og undir honum voru tvær grafir. Stefna þeirra var ekki sú sama og [122], heldur eins og hin þrjú áður nefndu kuml á syðri hluta teigsins, þ.e. frá NNV til SSA.

Engin mannsbein fundust í kumlinu, einungis fáar hrosstennur í hreyfðum lögum yfir nyrðri gröfinni.

Í syðri gröfinni fannst vel varðveittur *spjótsoddur* úr járni, af K-gerð samkvæmt gerðfræði Jans Petersens. Það er 32 sm langt og 3.7 sm breitt. Var þessi tegund spjótsodda algeng á 10. öld og telur um helmingur kumlfundinna spjóta á Íslandi til hennar (Kristján

Eldjárn 2016, 340). Í gröfini voru um 30 *naglar* úr járni, sem fundust í þremur aðgreindum hópum og gætu verið leifar af hlutum úr viði.

Kuml [127]



Mynd 6. Sverð úr kumli [127]

Nyrst og austast, á fjörubakkanum fannst fimmta kumlið. Var norðausturendi grafarinnar verulega skemmdur vegna sjávarrofs. Í þeim enda voru fáein hrossbein og voru nokkur þeirra enn óhreyfð en gröfin að öðru leyti talsverð röskuð. Í syðri enda grafarinnar voru fáein bein sem eru úr karlmanni, yngri en 30 ára. Leifar af viði fundust í hliðum grafarinnar og virðist sem fjölum hafi verið komið fyrir til að skýla líkinu fremur en að um kistu hafi verið að ræða. Viður í gröfinni reyndist vera lerki, greni og birki, en óvíst hver hvort sýnin sem greind voru séu úr fjölunum eða áhöldum sem lögð hafa verið með hinum látna.

Meðal haugffjár var *sverð*, brotið í fjóra hluta. Er það af tegund Q samkvæmt gerðfræði Jans Petersens og talin til tegunda sem voru í notkun á 10. öld. Er þetta 6. eintakið sem fundist hefur á Íslandi. Eru þekkt víkingaaldarsverð hér á landi nú orðin 26, að Dysnessverðum meðtöldum (Petersen 1919, 121; Kristján Eldjárn 2016, 326-31; Guðrún A. Gísladóttir og Mjöll Snæsdóttir, í prentun). *Skjaldarbóla* úr járni, illa farin og örðugt að greina til tegundar. Skjöldurinn virðist hafa verið lagður með framhlið ofan á höfði hins látna. Viðarleifar úr skildinum reyndust við greiningu vera fura. Fjöldi skjaldarbóla er því nú 17 á Íslandi, og eru flestar þeirra af algengum víkingaaldargerðum 10. aldar (Rygh 1885, 562;

Kristján Eldjárn 2016, 350). Tvö *bryni*, annað lítið með gati, hitt stórt. Í gröfinni fannst einnig lítill *steinn* úr jaspis.



Mynd 7. Næla frá Dysnesi (Ljósmynd: Guðrún A. Gísladóttir).

Skammt frá norðurenda grafarinnar fannst lítil *næla* úr koparblendingi, ásamt tönnum úr manni. Nælan er 2.84 sm í þvermál, með festingum á bakhlið. Hefur hún ekki verið greind til tegundar að sinni. Jafnframt liggur ekki fyrir hvort þessir síðastnefndu fundir tilheyri enn einu kumli, eða hafi upprunalega verið í einhverju hinna.

Á teignum komu í ljós ýmis ummerki hér og hvar innan um haugana, s.s. stoðarholur og pyttir, en ekki ljóst hvaða hlutverki þau hafa gegnt.

Niðurlag

Um allan kumlateiginn mátti sjá að grafið hafði verið í og við haugana og grafirnar fyrir mörgum öldum síðan. Mögulega eru það ummerki um forvitnisgröft eða grafarrán, eða jafnvel hefur raskið verið hluti af hinum heiðna greftrunarsið. Greining á rannsóknargögnum er ekki lokið, en ljóst að Dysnes er einn af allra merkustu kumlfundum hér á landi til þessa.

Kumlateigurinn er í landi Syðri-Bakka, sem er meðaljörð í sveitinni, metin til 30 hundraða í seinni tíð (Jarðabók X, 122). Teigurinn er talsvert langt frá bænum þar sem hann stendur nú, eða rúman kílómetra. Algengast er að íslensk kuml séu um 300-500 m frá bæ og ekki loku fyrir það skotið að fornbylí sé þarna í grenndinni sem ekki sjást ummerki um. Hinsvegar getur allt eins verið að staðsetning kumlateigsins sé óvenjuleg og endurspegli annað mynstur en það sem algengast er í íslenskum kumlafræðum. Hjáleigan Bakkagerði er nær, um 650 m NV við Dysnes. Annar kumlateigur er þar á ströndinni, um 600-700 m sunnar, á Kumlholti við Pálmholtslæk (Adolf Friðriksson et al. 2013), en þar eru merki Syðri-Bakka. Algengt er að kuml finnist á landamerkjum og við fornar leiðir. Reiðleið lá með ströndinni og hafa haugarnir á báðum þessum teigum blasað við þeim sem fóru um á þessum slóðum fyrr á öldum.

Dysnes er óvenjulegur minjastaður. Algengast er að íslensk kuml eru fremur lítið áberandi, en á Dysnesi eru nokkrir stórir haugar. Auk þess eru þar tvö bátkuml, en slík kuml eru einnig fágæt hér. Loks hafa óvenju mörg vopn fundist í þessum gröfum. Silfurgrípir, sér í lagi fingurbaugar, eru og fágætir. Athyglisvert er að þrátt fyrir að öllum kumlum á Dysnesi hafi verið talsvert raskað, jafnvel oftár en einu sinni farið í þau og kumlin við ströndina talsvert skemmd, þá hefur staðurinn enn geymt öll þessi dæmi um þau atriði sem teljast sjaldgæf í íslenskum kumlafræðum. Er líklegt að Dysnes hafi ekki verið hefðbundinn heimagrafreitur, heldur jafnvel haft tilteknu hlutverki að gegna á héraðsvísu. Að þessu sögðu má nefna að Dysnes minnir einna helst á hina merkilegu kumlfundi á Dalvík, með haugum sínum og bátkumlum (Kristján Eldjárn 2016, 162-71).

Hafa skal í huga að myndin af heiðnum greftrunarsið á Íslandi hefur tekið nokkrum breytingum á síðustu árum, í ljósi nýrra kumlfunda og nýrra aðferða við rannsóknir. Má þar nefna rannsóknir á Litlu-Núpum í Aðaldal (Birna Lárusdóttir 2012), Ingiríðarstaðir í Þegjandadal (Roberts 2015) og Hrífunesi í Skaftártungu (Hildur Gestsdóttir et al. 2015). Á Dysnesi, jafnt sem öllum þessum stöðum, hafa fundist stoðarholur við grafirnar, sem bendir til að e.k. mannvirki úr timbri hafi verið reistar á grafreitnum, en öll ummerki um þau horfin, að frátöldum holunum. Eins er ljóst að öllum þessum gröfum hefur verið raskað fyrir löngu síðan. Er ekki loku fyrir það skotið að raskið hafi jafnvel átt sér stað þegar á víkingaöld og

jafnvel verið þáttur í sjálfum greftrunarsiðnum eða öðrum athöfnum eða atburðum í fyrndinni sem engar aðrar heimild eru til um.

Heimildir

- Adolf Friðriksson 2005, *Brimnes, Dysnes og Bakki. Frumkönnun á þremur iðnaðarlóðum á Norðurlandi*. FS272-05251, Reykjavík : Fornleifastofnun Íslands.
- Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, Rúnar Leifsson og Guðrún Alda Gísladóttir 2013, *Fornleifarannsókn á Kumlholti á Galma strönd í Eyjafirði 2006*, FS467, Reykjavík.
- Aiken, Elisabeth & Greta Arwidson 1986, „Armringe, Armbügel und Fingerringe.“ *Birka II:2. Systematische Analysen der Gräberfunde*, Greta Arwidsson ed., Stockholm: Kungl. Vitterhets Historie och Antikvitets Akademien, 73-76.
- Androshchuk, Fedir 2014, *Viking Swords. Swords and Social Aspects of Weaponry in Viking Age Societies*, Stockholm: Historiska.
- Birna Lárusdóttir ritstj. 2012, „Litlu-Núpar í Aðaldal, Þingeyskt fræðasafn I, Þingeyjarsveit.
- Callmer, Johan 1977, *Trade Beads and Bead Trade in Scandinavia, ca. 800-1000 A.D.*, Lund: R. Habelt.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir 2008, „*Fornleifaskráning í Arnarneshreppi*, FS377-06251, Reykjavík.
- Guðrún Alda Gísladóttir og Mjöll Snæsdóttir, í vinnslu. *Gripir fundnir á árbakka Eldvatns við Ytri-Ása í Skaftártungum árið 2016*.
- Hildur Gestsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Lísabet Guðmundsdóttir, Howell M. Roberts, Mjöll Snæsdóttir & Orri Vésteinsson. 2017. „New discoveries: Dysnes.“ *Archaeologica Islandica 12*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, 93-106.
- Hildur Gestsdóttir, Uggi Ævarsson, Guðrún Alda Gísladóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2015, „Kumlateigur í Hrífunesi í Skaftártungu V,“, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 2014*, 7-34.
- Jansson, Ingmar 1984, „Grosse Rundspangen.“ *Birka II:1. Systematische Analysen der Gräberfunde*, Greta Arwidsson ed., Stockholm: Kungl. Vitterhets Historie och Antikvitets Akademien, 74-84.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I-XI* 1913-43, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag
- Kristján Eldjárn 2016, *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi, 3. útg.* Adolf Friðriksson ritstýrði, Reykjavík: Mál og menning.
- Petersen, Jan 1919, *De norske vikingesverd: En typologisk-kronologisk studie over vikingetidens vaaben*, Kristiania.
- Roberts, Howell M. 2015, *Ingiríðarstaðir 2015. An Interim Statement*, FS588, Reykjavík.

- Roberts, Howell M. 2017, Fornleifauppgröftur á *Dysnesi við Eyjaförð 2017. Fyrri áfangi með enskri samantekt*, FS663, Reykjavík.
- Rygh, Oluf 1885, *Norske oldsager*, Kristiania.
- Stefán Ólafsson 2016, *Deiliskráning við Dysnes*. FS615-16021.